

## Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar 2020

Boðað er til aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs, miðvikudaginn 20. maí 2020. Fundurinn verður haldinn í Hörgársveit og hefst kl. 15:00. Verði aðstæður í þjóðfélaginu þannig á fundardegi að ekki verði hægt að halda fundinn á venjulegan hátt verður fundurinn haldinn í fjarfundi.


Dagskrá er samkvæmt samþykktum félagsins:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Ársreikningur 2019.
- 3) Umræða um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreiknings.
- 4) Breytingar á samþykktum, engar tillögur til lagabreytinga liggja fyrir.
- 5) Skipun stjórnar.
- 6) Fjárhæð rekstrarframlags aðildarsveitarfélaganna til AFE per íbúa skv. íbúaskrá 1. Janúar 2020 (ekki er um rekstrarframlag að ræða vegna samruna við SSNE).
- 7) Ákvörðun um þóknun stjórnar.
- 8) Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.
- 9) Önnur mál.

Gögn vegna fundarins verða send út til sveitarfélaganna a.m.k. viku fyrir fund.

Samkvæmt samþykktum AFE skal hvert sveitarfélag sem aðild á að félaginu tilnefna einn fulltrúa til að fara með umboð sveitarfélagsins á aðalfundi þess. Að öðru leyti er aðalfundur að jafnaði opinn öllum.

Vinsamlega staðfestið komu til [simmi@afe.is](mailto:simmi@afe.is) og tilgreinið einnig þar hver fer með umboð sveitarfélagsins á aðalfundinum.



Katrín Sigurjónsdóttir  
Stjórnarformaður AFE